

## Stjórnarfundur 275

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
07.06.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 275</a>
Fundarritari	Fundartími	
Eva Hrund Einarsdóttir	08:25 – 09:48	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Eva Hrund Einarsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Gestur Jensson áheyrnafulltrúi, Helgi Jóhannesson í fjarfundi		
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,		

---

Stjórnarformaður Norðurorku hf., Hlynur Jóhannsson setti fund og stjórnaði

1. **Prókúruumboð fyrir fjármálastjóra**
2. **Dreifistöð 23**
3. **Afmæli rafveitunnar**
4. **Styrkjamál**
5. **Önnur mál**

1. **Prókúruumboð fyrir fjármálastjóra**

Stjórn undirritar prókúruumboð fyrir nýjan fjármálastjóra, Kristínu Kjartansdóttur kt. 101169-5029 vegna starfa hennar sem fjármálastjóri. Umboðið tekur gildi 10. júní 2022. Prókúra þessi gildir einnig gagnvart þeim viðskiptastofnunum sem Norðurorka hf., á viðskipti við. Á næsta fundi stjórnar verður síðan undirrituð prókúra fyrir nýráðinn forstjóra Norðurorku hf.

2. **Dreifistöð 23**

Akureyrarbær og Norðurorka hafa komist að samkomulagi um að skipta með sér grunnkostnaði vegna færslu á dreifistöð 23. Dreifistöðin er færð vegna áforma um að nýta lóðina undir byggingar en færslan gefur rými til betri nýtingar á lóðinni. Grunnkostnaður færslunnar var metinn af verkfræðistofunni Verkís um 30 mkr. Meðfylgjandi er minnisblað um verkefnið en þar er m.a. lögð til ákveðin útfærsla af samningi aðila.

**Forstjóra falið að ganga frá samningi við Akureyrarbæ á ofangreindum nótum.**

3. **Afmæli rafveitunnar**

Rafveita Akureyrar verður 100 ára í september nk. Í september 1922 var byrjað að framleiða rafmagn í Glerárvirkjun og dreifa því um bæinn. Ákveðið er að halda upp á afmælið með afmælisráðstefnu í Menningarhúsinu Hofi þann 17. september nk. Efnistöð ráðstefnunar verða rædd síðar en á fundinum var rætt um mögulega gjöf Norðurorku í tilefni afmælisins án þess að ákvörðun væri tekin.

**Málið verður tekið upp þegar nær dregur.**

4. **Styrkjamál**

Í samræmi við vinnureglur stjórnar var farið yfir stöðu bakhjarla- og stjórnarstyrkja. Fyrir fundinum lá ein ósk um samstarfsstyrk frá UN Women á Íslandi. Í vinnureglum Norðurorku varðandi styrki er kveðið á um að styrkt starfssemi sé innan þjónustusvæðis fyrirkæpisins.

**Stjórn hafnar í ljósi ofanritaðs, ósk UN Women á Íslandi.**

5. **Önnur mál**

**Áheyrnafulltrúi.** Nú hefur Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps látið af störfum. Í því ljósi mun varamaður hennar, Gestur Jensson oddviti Svalbarðsstrandarhrepps, sitja fundi í hennar stað.

**Ráðgjafi Norðurorku hf., í rannsóknum.** Forstjóri upplýsti að Norðurorka hafi fengið Ólaf Flovenz jarðeðlisfræðing til liðs við sig sem innri ráðgjafa varðandi jarðhitarannsóknir.

**Niðurstöður sýnatöku á hreinsun fráveituvatns.** Forstjóri fór yfir niðurstöður þessa árs en sýni eru tekin tvisvar í mánuði. Fram kom að hreinsun fráveituvatns er betri en reiknað var með hvað varðar COD, BOD5 og svifagnir.

**Fjármálastjóri kvaddur.** Fráfarandi sviðsstjóri þjónustu- og fjármála, Halla B. Halldórsdóttir kvaddi stjórnina og þakkaði henni gott samstarf liðin ár. Halla mun láta af störfum í lok júní nk. Stjórnin óskaði Höllu góðs gengis á nýjum starfsvettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:48